

Miðvikudaginn 26. febrúar 1958.

Nr. 20/1958. Þórkell Björgvinsson

gegn

Trésmiðjunni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. f. m., er barst dóminum hinn 8. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þórkell Björgvinsson, greiði varnaraðilja, Trésmiðjunni h/f, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 10. þ. m., hefur Einar Gunnar Einarsson hdl., hér í bæ, vegna Þórkels Björgvinssonar, Selfossi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. apríl 1957, gegn Trésmiðjunni h/f, hér í bæ.

Eru tildrög málsins þau, að hinn 8. nóvember 1948 hóf stefnandinn Þórkell nám í húsgagnasmíði hjá stefnda. Var gerður skriflegur námssamningur, svo sem mælt er fyrir í lögum. Var samningur þessi undirritaður af stefnanda og Guðmundi Páls-

syni f. h. stefnda 8. nóvember 1948, samþykktur af iðnfulltrúum 10. október 1949, en staðfestur af lögreglustjóra 1. nóvember s. á. Samkvæmt námssamningnum skyldi námstími stefnanda vera á enda 8. nóvember 1952, en þar eð hann hafði lokið iðnskólanámi að mestu vorið 1948, stýttist verklega námið um 4 mánuði og mun því hafa verið lokið 8. júlí 1952. Stefnandi telur, að kennsla sú, er hann naut í hinu verklega námi, hafi verið alls ófullnægjandi og að námstímanum loknum hafi hann af þeim sökum ekki verið fær um að ganga undir próf í iðninni. Af þessu tilefni höfðaði stefnandi mál hér í bæjarþinginu á öndverðu ári 1955 gegn stefnda til heimtu skaðabóta o. fl. Í því máli krafðist stefndi aðallega frávísunar og byggði þá kröfu á 7. gr. náms-samningsins, er hann taldi mæla fyrir um það, að gerðardómur skuli fjalla um ágreiningsefni það, sem um var deilt í málinu. Á þetta sjónarmið stefnda var fallizt og með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 14. maí 1955, var málinu vísað frá dómi. Þykir rétt að greina hér frá forsendum þeirrar niðurstöðu, en þær eru á þessa leið:

„Í 7. gr. námssamningsins segir, að „geti nemandinn ekki að afloknu námi staðizt próf og ekki fengið sveinsbréf, er votti, að hann sé orðinn fær í sinni grein, og orsökkin til þess er sú, að lærimeistarin hefur ekki látið sér fyllilega annnt um kennslu hans, er lærimeistarin skyldur til að greiða nemandanum skaðabætur eftir mati gerðardóms þess, er fyrirskipaður er í 19. gr. laganna um iðnaðarnám“. Gildandi lög um iðnaðarnám eru nr. 46/1949 og öðluðust gildi hinn 1. janúar 1950. Samkvæmt 32. gr. þeirra taka þau einungis til námssamninga, sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra, en námssamningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, lúta eldri lögunum, sbr. 31. gr. Eins og fyrr segir, var samningur aðilja gerður 8. nóvember 1948 og lýtur því samkvæmt framansögðu ákvæðum eldri laganna, sem eru frá 1938, en í 19. gr. þeirra er ákvæði um gerðardóm, er fjalla skal um ágreining milli nemanda og lærimeistara eins og þann, er um ræðir í þessu máli, nema málsaðiljar komi sér saman um annað. Engar sönnur hafa verið leiddar að því af stefnanda hálfu, að slíkt samkomulag hafi orðið með aðiljum máls þessa. Ber því að taka kröfu stefnda um frávísun til greina.“

Stefnandi undi ekki dómi þessum og skaut ágreiningsefninu til gerðardóms í iðnaðarmálum, er síðan fjallaði um málið. Bar stefnandi fyrir gerðardómum sömu kröfur og í fyrrgreindu bæjarþingsmáli. Þau urðu úrslit málsins fyrir gerðardóminum, að

kröfu stefnanda um skaðabætur vegna vanrækslu á kennslu, samtals að fjárhæð kr. 68.735.96, var að öllu hrundið af meiri hluta gerðardómsmanna, þar eð sönnur þóttu bresta fyrir því, að stefnandi hefði ekki öðlazzt nægilega hæfni til að ljúka sveinsprófi að námstímanum loknum, miðað við þær prófkröfur, er þá voru gerðar. Á hinn bóginn voru aðrir liðir í kröfu stefnanda fyrir gerðardóminum, samtals að fjárhæð kr. 7.388.22, teknir til greina ásamt vöxtum, enda voru þeir ekki véfengdir. Var ályktunarorð meirihluta gerðardómsins svofellt:

„Lærimeistari, Guðmundur Pálsson, f. h.. Trésmiðjunnar h.f. greiði stefnanda, Þórkeli Björgvinssyni, nemanda, kr. 7.388.22 með 6% ársvöxtum frá 23/10 1954 til greiðsludags.

Nemandi, Þórkell Björgvinsson, greiði stefnda, Guðmundi Pálsyni, f. h. Trésmiðjunnar h.f., kr. 5.000.00 upp í málskostnað. Þóknun meðdómsmanna ákveðst kr. 2.500.00 til hvors.“

Stefnandi vill ekki una málalokum þessum og hefur því höfðað mál þetta til áfrýjunar gerðardómnum. Krefst hann þess, að allar kröfur hans fyrir gerðardómi verði teknar til greina, þ. e. að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 76.124.18 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags, málskostnað og þóknun til gerðardómsmanna. Þá krefst hann enn fremur málskostnaðar fyrir bæjarþinginu eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en áskilið sér jafnframt rétt til að taka til varna um efnishlið málsins, verði ekki á þá kröfu fallizt. Frávísunarkröfunu reisir hann á því, að samningur aðiljanna lúti ákvæðum laga nr. 100/1938, en ekki núgildandi laga um iðnfræðslu. Samkvæmt 19. gr. eldri laganna sé úrskurður gerðardóms um ágreiningsefni nemanda og lærimeistara, slíkt sem hér ræðir um, bindandi fyrir báða aðilja og sé því ekki hægt að áfrýja slíkum úrskurði til dómstóla.

Stefnandi krefst þess aðallega í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda dæmdur málskostnaður eftir mati dómarans, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður. Reisir hann aðalkröfuna á því, að ákvæði 19. gr. laga nr. 100/1938 girði ekki fyrir, að úrskurði gerðardómsins verði skotið til dómstóla, verði talið, að námssamningurinn lúti ákvæðum þeirra laga.

Í fyrrgreindum frávísunardómi er það rakið, að samningur aðiljanna lúti ákvæðum laga nr. 100/1938, en ekki laga nr. 46/1949, sbr. 32. gr. þeirra. Ber að leggja þá niðurstöðu til

grundvallar hér. Í 7. gr. samningsins segir, eins og áður er rakið, að sé um slíkar vanefndir á námsamningnum af hálfu meistara að tefla, sem stefnandi ber fyrir sig, sé „lærimeistarinn skyldur til að greiða nemandanum skaðabætur eftir mati gerðardóms þess, er fyrirskipaður er í 19. gr. laganna um iðnaðarnám“. Í þeirri lagagrein eru ákvæði um gerðardóm þenna og málsmeðferð fyrir honum. Í niðurlagi 2. mgr. greinarinnar segir, að báðir málsaðiljar séu við úrskurð gerðardómsins bundnir. Með hliðsjón af nefndu ákvæði námssamningsins og niðurlagsákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 100/1938 þykir bera að fallast á kröfu stefnda um frávísun málsins. Er og lögmæti málsmeðferðar af hendi gerðardómsins ekki véfengt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Einar Gunnar Einarsson vegna Þórkels Björgvinssonar, greiði stefnda, Trésmiðjunni h/f, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1958.

Nr. 180/1957. **Ársæll Sveinsson** (Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn

Baldri Ólafssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómdur:

hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór
B. Línadal.

Mál til heimtu á aflahlut sjómanns. Skýring á ákvæði kjarasamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Þorsteinn Jónsson og Matthías Finnbogason hafa kveðið upp héraðsdóminn.